

Titill: Lífeðlisleg sálfræði

Skammstöfun: SÁLF2BT05

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Lífeðlisleg sálfræði

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Lýsing:

Í áfanganum fá nemendur kynningu á taugakerfinu, með sérstakri áherslu á miðtaugakerfið. Farið er yfir byggingu taugafrumna, taugaboð, taugaboðefni, byggingu og þróun heilans, ólíka virkni heilahvelanna og samspil taugakerfisins og sálarlífsins. Fjallað er sérstaklega um geðraskanir og áhrif vímuefnanotkunar á taugakerfið. Að auki er fjallað um sjónskynjun, svo sem líffræði augans, hvernig unnið er úr sjónáreitum í heilanum, dýptarskynjun og litaskynjun. Einnig er fjallað um svefn, þær lífeðlislegu breytingar sem verða á líkamstarfseminni í svefni, tilgang svefns og atriði/sjúkdóma sem trufla getu fólks til þess að sofa.

Forkröfur: SÁLF2AA05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu rannsóknarviðum lífeðlislegrar sálfræði, m.a. á sviði heilastarfsemi, skynjunar svefns
- uppbyggingu, þróun og starfsemi heilans og taugakerfisins
- samspili taugakerfisins og sálarlífs
- helstu rannsóknum á sérhæfingu heilahvelanna
- áhrifum algengra vímuefna á starfsemi heilans og skynjun
- tengslum heilastarfsemi og geðraskana
- skynferli sjónar frá áreiti til lokatúlkunar
- ólíkum þáttum sjónskynjunar t.d. litaskynjun, dýptarskynjun og skynvillum
- sálfræðilegum rannsóknum á svefni
- svefnferlinu og tilgangi svefns

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ræða um viðfangsefni lífeðlisfræðilegrar sálfræði af þekkingu og skilningi
- beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum
- gera einfaldar tilraunir á sviði lífeðlislegrar sálfræði
- gera einfalda tölfræðilega útreikninga á sviði rannsókna í sálfræði
- setja saman einfalda tilraunaskýrslu eftir reglum sálfræðinnar
- afla sér fræðilegra upplýsinga á sviði lífeðlislegrar sálfræði
- tjá kunnáttu sína í lífeðlislegrar sálfræði bæði í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- setja fram eigin rannsóknarniðurstöður á skipulegan og skýran hátt
- meta eigin rannsóknarniðurstöður með gagnrýnum hætti og draga af þeim rökréttar ályktanir
- vege og meta gildi ólíkra heimilda
- vinna sjálfstætt sem og með öðrum
- ígrunda og meta eigið nám og vinnuframlag
- ígrunda og meta verk samnemenda sinna
- taka gagnrýni með jákvæðum og opnum huga

Námsmat: Tímaverkefni, tímapróf, tilraunaskýrsla, rannsóknarritgerð og lokapróf